

*Alþingi**Erindi nr. P 141/1525**komudagur 12.2.2013*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. febrúar 2013  
Tilvísun 111  
MKÁ

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007, 504. mál.**

Vísað er til tölvupósts efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 28. janúar 2013 þar sem óskað var umsagnar NASDAQ OMX Iceland hf. („**Kauphöllin**“) um frumvarp til laga um breytingar á lögum um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007, (lýsingar, hæfir fjárfestar, undanþágur frá gerð lýsinga, meðferð innherjaupplýsinga).

Kauphöllin hefur ekki beinar efnislegar athugasemdir við frumvarpið en vill þó koma á framfæri ábendingum varðandi þýðingar á hugtökum sem eiga uppruna sinn í enskri hugtakanotkun tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2010/73/ESB, en frumvarpið er til innleiðingar á tilskipuninni. Svo virðist sem að í frumvarpinu sé í mörgum tilfellum vikið frá þeim hugtökum sem notast er við í íslenskri þýðingu umræddrar tilskipunar, án nokkurrar sýnilegrar ástæðu. Kauphöllin telur brýnt að farið sé vandlega yfir með hvaða hætti hugtök sem eiga uppruna í tilskipun nr. 2010/73/ESB og tilskipun nr. 2003/71/EB eru þýdd við innleiðingu í íslenska löggjöf. Til stuðnings er ástæða til að líta til þess hvernig slík samræmd hugtök eru þýdd í íslenskum texta tilskipunarinnar. Hér fyrir neðan verður vísað til nokkurra ákvæða þar sem ástæða er til að yfirfara hugtakanotkun frumvarpsins.

## **2. gr. frumvarpsins:**

Í 2. gr. frumvarpsins eru m.a. lagðar til breytingar á skilgreiningu á hugtakinu „lykilupplýsingar“. Þar kemur fram að með lykilupplýsingum sé átt við:

„Grundvallarupplýsingar sem settar eru fram með stöðluðum hætti [...]“.

Skilgreiningu á lykilupplýsingum er einnig að finna í ii. lið a)-liðar 2. mgr. 1. gr. tilskipunar nr. 2010/73/ESB, þar sem eftirfarandi kemur fram:

„essential and appropriately structured information [...]“

og í íslenskri þýðingu tilskipunarinnar segir:

„mikilvægar upplýsingar, uppbyggðar á viðeigandi hátt [...]“

Þarna ber töluvert á milli merkingar hugtaksins „lykilupplýsingar“ þegar horft er til skilgreiningarinnar eins og hún er sett fram í 2. gr. frumvarpsins annars vegar og hins vegar í tilskipun nr. 2010/73/ESB. Það er ljóst að krafa um að upplýsingar séu settar fram með stöðluðum hætti samræmist ekki þeirri kröfu að upplýsingar séu uppbyggðar á viðeigandi hátt. Svo virðist sem íslenska þýðing tilskipunarinnar sé nærtækari og samræmist betur merkingu enska texta tilskipunarinnar. Kauphöllin telur þó að efnislega merkingin komist best til skila ef gerð er krafa um að upplýsingarnar séu „settar fram“ á viðeigandi hátt.

Í e. lið skilgreiningarinnar kemur enn fremur fram að lykilupplýsingar skuli innihalda:

„ástæður útboðsins og notkun hagnaðar.“

Umrætt skilyrði er sett fram í ii. lið a)-liðar 2. mgr. 1. gr. tilskipunar nr. 2010/73/ESB, en þar segir í enska texta tilskipunarinnar:

„reasons for the offer and use of proceeds;“

Í íslenskri þýðingu tilskipunarinnar útlegst sama skilyrði svo:

„ástæður fyrir útboðinu og notkun ágóðans.“

Kauphöllin telur óheppilegt að hér sé hugtakið „use of proceeds“ þýtt sem „notkun hagnaðar“ en líkleg merking væri fremur nær því að vera „ráðstöfun söluandvirðis“, þar sem ekki er endilega um eiginlegan hagnað að ræða.

#### **7. gr. frumvarpsins**

Í f-lið 7. gr. frumvarpsins segir eftirfarandi:

„arðgreiðslur, úthlutaðar eða sem stendur til að úthluta til núverandi hluthafa í formi hluta án endurgjalds, ef hlutirnir eru í sama flokki og þeir hlutar sem arðgreiðslurnar stafa frá; skjal skal liggja fyrir með upplýsingum um fjölda og eðli fyrrgreindra hluta ásamt ástæðum fyrir útboðinu og upplýsingum um útboðið sjálft,“

Umrætt ákvæði frumvarpsins er innleiðing á i. lið a)-liðar 4. mgr. 3. gr. tilskipunar nr. 2010/73/EB:

„dividends paid out to existing shareholders in the form of shares of the same class as the shares in respect of which such dividends are paid, provided that a document is made available containing information on the number and nature of the shares and the reasons for and details of the offer;“

í íslensku þýðingu tilskipunarinnar segir:

„útgreidds arðs, til hluthafa sem fyrir eru, í formi hluta sem eru í sama flokki og hlutirnir sem arðurinn er greiddur af, að því tilskildu að fyrir liggi skjal með upplýsingum um fjölda hlutanna og eðli þeirra, ástæðum fyrir útboðinu og ítarlegum upplýsingum um það,“

Hér er aftur talin ástæða til að víkja frá skýru orðalagi íslensku þýðingarinnar og afleiðingin er frumvarpstexti sem samræmist ekki að fullu leyti texta tilskipunarinnar.

Kauphöllin telur brýnt að hugað sé að því við innleiðingu á tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins að gæta samræmis við upprunalegan texta og ekki sé vikið frá þýðingum og hugtakanotkun að óþörfu. Sérstaklega ber að gæta þess að efnisleg merking tapist ekki eða skolist til við innleiðingu í íslenska löggjöf. Hér að ofan er dregið á nokkrum atriðum í frumvarpinu þar sem svo virðist sem löggjafinn fari heldur frjállega með hugtök og í

einhverjum tilfella getur slíkt bitnað á efnislegri merkingu umræddra ákvæða. Það skal tekið fram að þau dæmi sem tekin eru hér að ofan eru ekki tæmandi talin hvað varðar misræmi í framsetningu og hugtakanotkun í frumvarpinu. Það er því ástæða til að fara yfir önnur ákvæði með sama hætti og hér hefur verið gert til að sannreyna hvort efnisleg merking skili sér með skýrum hætti við innleiðinguna.

Virðingarfyllst,

Magnús Kristinn Ásgeirsson,  
lögfræðingur